

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 200/1959. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Sigurði Móses Þorsteinssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Árekstur bifreiða. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Stjórnandi bifreiðarinnar R 7610 beygði eigi eftir þörfum til vinstri til að afstýra árekstri, og veitir það líkur fyrir því, að hann hafi verið á of mikilli ferð. Að svo vöxnu máli þykir eigi í refsímáli rétt að hrinda þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi þrátt fyrir aðgæzlu eigi séð til ferða R 7610 í námunda, þá er hann lét nemanda sinn aka út á nyrðri braut vegarins. Er því rétt að sýkna hann af ákærunni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Móses Þorsteinsson, á að vera sýkn af ákæru ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00.

S é r a t k v æ ð i

Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ákærði skýrir svo frá, að bifreið hans, R 7512, hafi verið stönuð, áður en áreksturinn varð, og er sú skýrsla hans studd af vætti vitnisins Svövu Sveinbjörnsdóttur. Í máli þessu verður við það að miða, að skýrsla þessi sé rétt, þar eð hið gagnstæða er ekki í ljós leitt. Átti þá að vera auðvelt fyrir ökumann bifreiðarinnar R 7610 að komast fram hjá R 7512, með því að sveigja lítið eitt til vinstri.

Með skírskotun til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1959.

Ár 1959, föstudaginn 15. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2919/1959: Ákærvaldið gegn Sigurði Móses Þorsteinssyni, sem dómtekið var 9. maí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 6. marz s.l., gegn Sigurði Móses Þorsteinssyni lögregluvarðstjóra, Laugarnesvegi 43, hér í bæ, fyrir að hafa um kl. 17.30 mánudaginn 24. nóvember s.l., er ákærði var með nemanda í akstri í bifreið sinni R 7512, eigi sýnt nægilega aðgæzlu við stjórn bifreiðarinnar norður Njarðargötu, þegar henni var ekið af nefndri götu og inn á nyrðri akbraut Hringbrautar í veg fyrir bifreiðina R 7610, sem í þessu var ekið austur síðarnefnda götu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðanna. Þykir þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 32. gr. sömu laga, sbr. auglýsingu um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. febrúar 1913 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1934 16/8 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 70 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

— 23/8 Dómur sama réttar: 30 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

1947 13/5 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 14. sbr. 21. gr. laga nr. 85/1907 og 2. gr. sbr. 28. gr. laga nr. 20/1875.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 24. nóvember 1958, kl. 17.30, var hringt á lög-reglustöðina og tilkynnt, að þá rétt áður hefði orðið árekstur á milli bifreiðanna R 7610 og R 7512 á mótum Hringbrautar og Njarðargötu. Tildrög árekstrarins reyndust hafa verið þau, að ákærði í máli þessu hafði verið að kenna Svövu Sveinbjörnsdóttur, Engihlíð 6, hér í bæ, á bifreiðina R 7512. Hafði hún komið akandi sunnan Njarðargötu, ekið yfir syðri akbraut Hringbrautar og loks inn í þá nyrðri. Bar þá að bifreiðina R 7610, er Þórður Finnbogason, Egilsgötu 30, hér í bæ, stjórnaði, á leið austur Hringbraut. Skipti engum togum, að árekstur varð milli bifreiðanna. Áreksturinn var ekkj harður, og tjón varð lítið á báðum bifreiðunum.

Skemmdir á bifreiðinni R 7512 urðu þær, að framaurhlíf vinstra megin dældaðist og umgjörð um framljósker sömu megin skekkvist. Á bifreiðinni R 7610 urðu skemmdir þær, að framaurhlíf hægra megin við vatnskassahlíf dældaðist lítillega og hægra horn framvara skekkvist.

Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað og slétt, og akbrautin 7 metrar á breidd. Bifreiðin R 7512 stóð, að árekstrinum afstöðnum, á ská á gatnamótunum og sneri næstum beint í austur. Bifreiðin R 7512 var næstum öll komin inn á akbrautina, og náði vinstra framhorn um 4 metra inn á akbrautina, miðað við götueyjarnar. Náði bifreiðin R 7512 þannig með framendann yfir miðlínu akbrautarinnar. Bifreiðin R 7610 var bein fyrir á gatnamótunum, og náði framendi hennar um það bil inn á þau mið, að árekstrinum afstöðnum. Hún var um 2 metra frá gangstéttarbrún, og hemlaförin aftur af henni eru sýnd rúmir 14 metrar. Af skemmdum á bifreiðunum og afstöðu þeirra, að árekstrinum afstöðnum, kemur fram, að hægra framhorn bifreiðarinnar R 7610 hefur komið fremst á vinstri hlið bifreiðarinnar R 7512. Er áreksturinn varð, var myrkur, en heiðskirt veður. Gatan var blaut. Raflýsing var sögð góð á gatnamótunum.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi látið Svövu Sveinbjörnsdóttur, sem var í annarri aksturskennslustund hjá honum, nema staðar, er að Hringbraut kom á leiðinni sunnan Njarðargötu, vegna umferðar um aðalbrautina. Er syðri akbrautin var orðin auð, lét hann Svövu aka inn á gatnamótin. Þegar bifreiðin var komin inn á milli götueyjanna, eða á mið gatnamótin, kvað ákærði ekkert ökutæki hafa verið sýnilegt í nánd á leið austur göt-

una. Sagði hann þá Svövu að aka áfram út í gatnamótin, en er hún hafði gert það, bar bifreið að gatnamótunum á leið suður Njarðargötu. Sagði ákærði Svövu að nema staðar vegna hennar, og gerði hún það. Er hún hafði rétt numið staðar, bar að bifreiðina R 7610 á leið austur Hringbraut, og varð árekstur á milli bifreiðanna. Áreksturinn varð með þeim hætti, að bifreiðin R 7610 lenti á vinstri framaurhlífinni á bifreið ákærða.

Vitnið Svava Sveinbjörnsdóttir hjúkrunarkona, Engihlíð 6, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi komið akandi norður Njarðargötu á mjög hægri ferð á bifreiðinni R 7512 undir leiðsögn ákærða, er umræddur árekstur varð. Ákærði sat í framsæti við hlið vitnisins. Var þetta annar kennslutíminn hjá ákærða. Er vitnið kom að gatnamótum Hringbrautar, nam það staðar, en ók síðan út á syðri akbraut og yfir hana. Er vitnið var komið á milli götueyjanna, sem skipta akbrautunum þarna, sá það, að bifreið kom suður Njarðargötu á mótí þeim. Vitnið var að byrja að beygja til hægri áleiðis austur Hringbraut og var nokkuð komið inn á gatnamótin, er ákærði sagði því að nema staðar vegna bifreiðarinnar, sem kom suður Njarðargötu. Gerði vitnið það, og stöðvaðist bifreiðin R 7512 þegar, enda var hún á mjög hægri ferð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, hvort ákærði hafi gáð að umferð vestan götuna, áður en hann lét það aka inn á nyrðri akbrautina. Vitnið kvaðst hafa verið að horfa á bifreiðina, sem kom á mótí, og ekki veitt bifreiðinni R 7610 athygli. Vissi það ekki fyrri til en henni var ekið á vinstri framaurhlíf bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um ökuhraða bifreiðarinnar R 7610, þar sem það sá ekki til ferða hennar.

Vitnið Þórður Finnbogason rafvirkjameistari, Egilsgötu 30, öku- maður bifreiðarinnar R 7610, hefur skýrt frá því, að það geti ekki sagt til um, með hvaða hraða það hafi ekið á leiðinni austur Hringbraut. Vitnið kvaðst þó hafa ekið með svipuðum hraða og yfirleitt er ekið á þarna. Vitnið sá til ferða bifreiðarinnar R 7512, þar sem hún kom yfir syðri akbraut Hringbrautar, og um sama leyti, sem henni var beygt inn á nyrðri akbraut í því skyni að aka áleiðis austur hana. Hemlaði þá vitnið, þar sem það taldi hættu á árekstri. Bifreið vitnisins rann áfram í hemlun, enda var gatan blaut og mold á henni, og gerði þetta akbrautina hála. Tókst vitninu ekki að forða því, að bifreið þess lenti á bifreiðinni R 7512. Bifreiðinni R 7512 var ekið á mjög hægri ferð að sögn vitnisins, og hafði hún ekki numið staðar, er áreksturinn varð. Áreksturinn hefði orðið miklu harðari að sögn vitnisins, ef það hefði ekki hemlað jafn-

skjótt og það gerði. Áreksturinn varð með þeim hætti, að hægra framhorn bifreiðar vitnisins lenti á vinstra framhorni bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvaðst ekki hafa sveigt undan til vinstri, sakir þess að ökumaður bifreiðarinnar R 7512 hvorki nam staðar né jók ferðina. Var það af þessum sökum í óvissu um það, hvað hann ætlaðist fyrir.

Vitnið Ingibjörg Steinunn Jónsdóttir, húsfrú, Egilsgötu 30, eiginkona síðastnefnds vitnis, hefur skýrt frá því, að það hafi setið í framsæti bifreiðarinnar R 7610 við hlið manns síns, er umræddur árekstur varð. Vitninu fannst maður þess ekki aka hratt, og hann ók í alla staði eðlilega. Vitnið sá, er bifreiðinni R 7512 var ekið sunnan frá yfir syðri akbraut Hringbrautar. Bifreiðinni R 7512 var ekið mjög hægt, og nam hún ekki staðar, áður en henni var ekið inn á gatnamótin. Maður vitnisins hemlaði strax og hann sá, hvað verða vildi, en það nægði ekki, þar sem bifreiðin R 7512 var ekki stöðvuð. Fannst vitninu bifreiðin R 7512 renna á bifreiðina R 7610 yfir götuna, og ekki var að sjá, að stjórnandi hennar yrði var við bifreiðina R 7610.

Vitnið Þóra Finnbogadóttir, húsfrú, Skaptahlíð 5, er var farþegi í bifreiðinni R 7610 og sat í aftursæti vinstra megin, hefur skýrt frá því, að Þórður hafi ekið frekar greitt á leiðinni austur Hringbraut, eins og venjulega er ekið þar að sögn vitnisins. Vitnið sá ekki til ferða bifreiðarinnar R 7512, fyrr en eftir að Þórður hafði byrjað að hemla vegna hennar. Varð áreksturinn rétt í því. Vitnið gat ekki sagt um akstur bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvað bifreiðina R 7610 hafa verið að stöðvast, er áreksturinn varð, enda hemlaði ökumaður hennar mjög skarpt.

Ákærði var, sem áður greinir, að kenna á bifreiðina R 7512 í umrætt skipti. Telst hann því hafa verið stjórnandi hennar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. umferðarlaga. Þá þykir ljóst af framburði ákærða og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði hafi ekki hugað nægilega að umferðinni vestan Hringbrautar, áður en hann sagði Svövu að aka inn á gatnamótin, en hún var í annarri kennslustund, eins og áður greinir. Leiddi umræddur aðgæzlu-skortur ákærða til þess, að Svava ók bifreiðinni R 7512 inn á gatnamótin í veg fyrir bifreiðina R 7610, sem bar að í því, með þeim afleiðingum, að árekstur varð á milli bifreiðanna. Ákærði gætti þannig ekki umferðarréttarins gagnvart bifreiðinni R 7610, sem honum bar að nema staðar fyrir og hleypa framhjá. Telst ákærði með þessu atferli sínu hafa orðið brotlegur gegn 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1955.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Benedikt Sigurjónsson hrl., skipaður verjandi ákærða, afsalaði sér málsvarnarlaunum, færir svo, að ákærði yrði dæmdur til refsingar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Móses Þorsteinsson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 94/1959. **Sameinaðir verktakar h/f,**
Sverrir Þorláksson,
Jón Eyjólfsson og
Jóhann Jón Jónsson
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn
Ragnhildi Aðalsteinsdóttur
 (Baldvin Jónsson hrl.)
 og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur
 Jóhannesson.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1959, krefjast þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 66.986.97 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags. Þeir krefjast málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.